

Föstudaginn 15. dez. 1933.

Nr. 96/1933. **Réttvísinn** (Th. B. Lindal)

gegn

**Bjarna Bjarnasyni**

(Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn 136., sbr. 145, sbr. 34. gr. alm. hegnl.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. marz 1933:* Ákærður, Bjarni Bjarnason, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Hann greiði Ólafi Kvaran, fyrir hönd Landssíma Íslands, kr. 4721,28, og Önnu Þórhallsdóttur, fyrir hönd Bæjarsíma Reykjavíkur, kr. 4200,65, hvorttveggja með 5% vöxtum innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Ákærði var ráðinn innheimtumaður í þjónustu lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík með föstu mánaðarkaupi, honum voru settar ákveðnar reglur um skil fjár þess, er hann innheimti í þágu stöðvarinnar, og hann setti tryggingu fyrir innheimtu sinni. Verður því að heimfæra brot hans, sem að öllu verulegu er rétt lýst í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, undir 136. gr. 1. mgr., sbr. 145. gr., sbr. einnig 34. gr. 1. mgr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og getur það hér engin áhrif haft, þótt málið hafi verið höfðað gegn honum einungis fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapitula hinna alm. hegningarlaga og lögum nr. 51 frá 1928. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Þá verður og að dæma ákærða til að greiða Landssíma Íslands kr. 4721,28 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar

1933 til greiðsludags og Bæjarsíma Reykjavíkur kr. 4200,65, en með þeirri fjárhæð hefir engra vaxta verið krafizt og verða þeir þess vegna ekki tildæmdir. Ákærði greiði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Bjarni Bjarnason, sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu. Hann greiði Landssíma Íslands 4721,28 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. úar 1933 til greiðsludags og Bæjarsíma Reykjavíkur 4200,65 kr. Svo greiði ákærður og allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theodórs B. Lindal og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Bjarnasyni, fyrrverandi innheimtumanni, til heimilis Lokastíg 14, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

Hinn 27. dezember f. á. kærði landssímastjóri til lögreglunnar yfir því, að einn af innheimtumönnum landssímans og bæjarsímans, ákærður í máli þessu, væri uppvis orðinn um sjóðþurð. Skýrði landssímastjóri svo frá, eftir því sem þá lá fyrir, að sjóðþurð ákærða væri samtals kr. 10651,72, þar af kr. 5715,65 vegna Bæjarsíma

Reykjavíkur, en kr. 4936,07 vegna skeyta- og símtalainnheimtunnar, en báðar þessar innheimtur hafði ákærður með höndum.

Ákærður var samstundis og kæra landssímastjóra barst lögreglunni settur í gæzluvarðhald og mál hans tekið til rannsóknar. Ákærður hafði tekizt á hendur innheimtu fyrir landsímamann og bæjarsímamann í maímánuði 1930, en þessar stofnanir hafa sjálfstætt reikningshald og aðskildar fjárreiður. Landsímastöðin innheimtir mánaðarlega reikninga til símanotenda fyrir símskeyti og símtöl, en bæjarsímaminn innheimtir ársfjórðungslega afnotagjald fyrir talsímana í bænum. Samkvæmt skýrslu stöðvarstjóra landsímastöðvarinnar, Ólafs Kvaran, hafa viðskipti landsímastöðvar við ákærðan, sem og aðra innheimtumenn símans, farið fram á þann hátt, að símskeyti og símtalakvittanir eru skrifaðar um leið og símskeytið er afhent á símastöðina, eða símtalið fer fram, og taka gjaldkerarnir daglega við kvittunum af afgreiðslufólkinu. Símskeytakvittanirnar eru svo lagðar saman hjá hverjum einstökum símanotanda og kvittanirnar festar saman, og á sama hátt er farið með símtalakvittanirnar. Því næst eru kvittanirnar færðar inn í tviritunarbók þess innheimtumanns, sem ber að innheimta þær og er þar getið símanúmers og reikningsupphæðar hvers skuldunauts. Þegar búið er að skrásetja kvittanirnar í tviritunarbækurnar, eru upphæðirnar í hverri tviritunarbók fyrir sig lagðar saman á reikningsvél og til frekari tryggingar er að síðustu hver reikningsupphæð á kvittunum borin saman við pappírsreikninginn úr vélinni. Að þessu loknu er hver innheimtumaður skuldaður í viðskiptareikningum við gjaldkerana fyrir þeirri upphæð, er þeim ber að innheimta fyrir símskeyti og símtöl í hverjum mánuði. Taka síðan innheimtumennirnir á móti reikningunum, ásamt frumritinu af skuldalistanum, en afritið er geymt á símastöðinni. Greiða síðan innheimtumennirnir upphæðirnar til gjaldkeranna, eftir því sem þeir innheimta og er þeim þá færð upphæðin til tekna í viðskiptareikningum, og kvitta þá gjaldkerarnir fyrir greiddum upphæðum í bók, sem innheimtumaðurinn hefir í sínum vörzlum, en fullnaðaruppgjör fór fram eftir lok hvers mánaðar.

Í skýrslu sinni skýrir Kvaran svo frá að uppgjör ákærða

við hann eftir hvern mánuð hafi farið þannig fram, að ákærður hafi komið með nokkra óinnheimta reikninga, venjulega þó mjög litið og hafi hann þá verið búinn að leggja saman hina óinnheimtu reikninga á reiknivélrituðu blaði, er fylgt hafi með reikningunum. Færði Kvaran ákærðum þá til tekna hina óinnheimtu reikninga, lagði síðan saman debet og kredit upphæðirnar í viðskiptareikningi hans, og greiddi ákærður síðan mismuninn og lét jafnan í ljósi að upphæðin, sem honum bæri að greiða, væri samhljóða því, sem hann hefði gert upp hjá sér, og nefndi ákærður stundum hina réttu upphæð áður en Kvaran hafði sagt hver hún væri. Eftir að reikningur ákærða hafði þannig verið gerður upp við lokagreiðslu hvers mánaðar, voru honum færð til skuldar upphæð hinna óinnheimtu reikninga, sem hann þá tók við ásamt upphæð hinna nýju reikninga. Þetta uppgjör fór venjulegast fram 4.—5. hvers mánaðar. Segir Kvaran að aldrei hafi komið kvartanir frá ákærðum, né öðrum innheimtumönnum, eftir móttöku reikninganna eða við uppgjör þeirra, um að þeir væru ekki réttir.

Þessa skýrslu Kvarans hefir hinn annar gjaldkeri landsímans, frk. Ragna Jónsdóttir, staðfest fyrir rétti. Hún hefir skýrt svo frá, að ákærður hafi venjulega verið búinn að gera upp sjálfur er hann kom til hennar og stemdi hans uppgjör ávallt við hennar uppgjör.

Um innheimtu ákærða fyrir bæjarsímann hefir gjaldkeri bæjarsímans, frk. Anna Þórhallsdóttir, gefið skýrslu, sem hún hefir staðfest fyrir rétti. Afnotagjöld bæjarsímans eru innheimt ársfjórðungslega og fá innheimtumennirnir reikningana fyrirfram fyrir hver ársfjórðungsmót. Eftir að búið er að skrifa upp afnotagjaldsreikningana er gerð skrá yfir þá og tekur síminn afrit af þeirri skrá. Á skránni er tiltekið númer, nafn og gjald hvers reiknings. Afritið er síðan afhent innheimtumanninum ásamt reikningunum og er skráin síðan borin saman við reikningana með innheimtumanninum á skrifstofunni, áður en hann fer með þá. Þá er síðan innheimtumaðurinn látinn kvitta fyrir upphæðinni. Lagt er fyrir hvern innheimtumann, að er hann hefir innheimt 1000 krónur, þá skili hann þeirri upphæð á skrifstofuna. En lokauppgjör fer fram í kringum 15. í seinasta mánuði ársfjórðungsins. Þá skila innheimtumenn

þeim reikningum, sem ekki fást greiddir og verða peningar þeir, sem þeir skila á ársfjórðungnum og óinnkallaðir reikningar að vera samhljóða þeirri upphæð, sem þeir tóku á móti. Kveður gjaldkerinn að ákærði hafi ávallt síðan hann kom á bæjarsímann þannig gert hreint upp í hvert skipti, og bar þeim aldrei neitt á milli um uppgjörið, og minnst ákærður aldrei á annað en allt væri í lagi hjá sér.

Hinn 20. dezember s. l. var ákærður ekki farinn að gera upp fyrir 4. ársfjórðung 1932. Hringdi gjaldkerinn þá heim til ákærða, og kom kona hans í símann og sagði að hann væri veikur. Þennan sama dag kom svo kona ákærðs, Þórunn Gísladóttir til gjaldkerans og skilaði nokkru af peningunum og óinnheimtum reikningum, og kvað mundu vera sjóðþurð hjá ákærðum.

Daginn eftir fór stöðvarstjórinn, Ólafur Kvaran, ásamt lögregluþjóni, heim til ákærða og sótti til hans tösku með reikningum þeim, sem hann átti óinnheimta. Var síðan gert upp við ákærðan eftir gögnum þeim, sem lágu fyrir, og kom þá í ljós, að sjóðþurð ákærða vegna beggja símanna var sú, sem að framan greinir.

Ákærður viðurkenndi þegar í stað fyrir réttinum, að stöðvarstjórinn og gjaldkerinn skýrðu rétt frá viðskiptum sínum við hann, og skuld hans við símann mundi vera svo sem greint er í uppgjöri símans að öðru leyti en því, að frá skuld sinni eigi að dragast óinnheimtir reikningar landlæknis, sem lögju í stjórnarráðinu og einnig nokkrar krónur fyrir símskeyti frá Þórði nokkrum Auðunssyni, sem ákærður hafði ekki innheimt, en skilað reikningunum aftur. Við nánari athugun reyndist þetta rétt hjá ákærðum, láðst hafði að færa ákærðum til tekna kr. 17,39, símskeytareikning frá númeri Þórðar Auðunssonar og eftir að síminn hafði gert upp við ákærðan, komu fram í stjórnarráðinu símareikningar að upphæð kr. 397,40, sem ákærður hafði skilið þar eftir, án þess að taka við greiðslu fyrir þá. Þessar upphæðir voru því færðar ákærðum til tekna og lækkaði því skuld hans við Landssímastöðina niður í kr. 4721,28.

Rétt er og að geta þess í þessu sambandi, að meðan á rannsókn málsins stóð skilaði kona ákærða til gjaldkera bæjarsímans einum reikning að upphæð 25 krónur, sem hún hafði fundið heima hjá sér. Var búið að greiða inn á

reikning þennan 10 krónur, en 15 krónur voru ógreiddar og lækkar þar með skuld ákærða við bæjarsímamann um 15 krónur eða niður í kr. 5700,65.

Með þeirri undantekningu, sem nefnd er hér að framan, hefir ákærður viðurkennt það, að reikningsskil beggja símanna við sig hafi verið rétt. Ákærður kveðst fyrst hafa orðið var við að sjóðþurð hafi verið hjá sér, þegar hann gerði upp ársfjórðungsgjaldið janúar—apríl 1931. Var þá sjóðþurðin þegar orðin 3000 krónur og ákvaðst ákærður þá ekki hafa getað gert sér neina grein fyrir því á hvern hátt hún hafði myndast. En ákærður var þá ekki í neinum vandræðum með að leyna sjóðþurð þessari. Gerði hann upp við bæjarsímamann með því að nota til þess peninga, sem hann var þá búinn að innheimta vegna landsímans. Síðan kvaðst ákærður lengi hafa fundið að vöntunin hjá honum var í kringum þetta en hann gat alltaf haldið henni leyndri með því að nota fé símanna á vixl, er hann gerði upp við þá, en hann þurfti ekki að gera samtímis upp við báða símana. En haustið 1931 kveðst ákærður hafa orðið var við það, að sjóðþurðin hafði vaxið til muna. Lenti hann þá í erfiðleikum með að gera upp þótt hann hefði fé beggja símanna undir höndum. Því var það, að í september það ár seldi kona ákærða séra Magnúsi Jónssyni frá Vallarnesi vixil að upphæð 3000 krónur til þess að geta gert upp við bæjarsímamann um ársfjórðungsmótin. Þessi vixill var síðan greiddur séra Magnúsi eftir hálfan mánuð, er ákærður var búinn að innheimta að nýju. Síðan kvað ákærður að þetta hafi gengið til á sama hátt um hver ársfjórðungsmót, er hann þurfti að gera bæjarsímanum fullnaðarskil, séra Magnús hafi lánað til hálfsmánaðar gegn vixli í kringum 3000 krónur stundum dálítið minna en aldrei meira.

Kona ákærða og séra Magnús hafa bæði staðfest þetta. Kona ákærða kveður, að er september—október uppgjör-ið 1931 átti að fara fram þá hafi kærður lagst í rúmið og sagt henni að hann gæti ekki gert upp. Fékk hún þá vensla-fólk sitt og einn óviðkomandi mann til að skrifa upp á 3000 króna vixil fyrir sig sem séra Magnús svo keypti til hálfsmánaðar, en þessi vixill var svo greiddur, er ákærður fékk októberreikningana og var búinn að innheimta af þeim sem svaraði þessari upphæð. Síðan gekk það þannig til um hver ársfjórðungsmót eftir þetta. Kona ákærðs kveðst

ekki hafa sagt séra Magnúsi til hvers peningarnir hafi verið notaðir. Bankavextir voru greiddir af þessum vixlum séra Magnúsar. Séra Magnús kveður og að Þórunn hafi aldrei sagt sér beint til hvers peningarnir væru ætlaðir, kveður sig hafa grunað, að ólag væri á fjárhag þeirra hjóna. Kveðst hann hafa útvegað lán út á vixlana með því að hann taldi þá tryggja, en kveðst hafa talið sér óviðkomandi hvernig á erfiðleikum konunnar stæði. Kvað hann sér ekki hafa verið ljóst fyrr en í haust eða vetur að sjóðþurð var hjá honum, og kveðst hann þá ekki hafa viljað lána peninga lengur, enda fór þá aðalmaðurinn af vixlinum.

Eins og fyrr er sagt hefir ákærður ekki getað gert grein fyrir því, hvers vegna sjóðþurðin myndaðist hjá honum og ekki heldur hversvegna hún óx svo mjög sumarið 1931. Hann hefir enga sérstaka útgjaldaliði getað nefnt, heldur hefir hann haldið því fram, að á þessum árum hafi peningarnir eyðst smámsaman án þess hann gæti gert frekari grein fyrir og þá aðallega til heimilisþarfa, en ákærður hafði í laun 250 krónur á mánuði. Ákærður telst að vera reglumáður, og slíkt orð fékk hann hjá yfirboðurum sínum við símann. Kona ákærða hefir borið það, að henni þætt líklegt, að 3—4 þúsund krónur hafi getað eyðst í heimilið á tímabilinu frá því að sjóðþurðin myndaðist, en telur það hinsvegar með öllu útilokað að 10—11 þúsund krónur hafi runnið inn í heimilið á þessu tímabili. Við rannsókn máls þessa hefir ekkert orðið upplýst um það á hvern hátt féð hafi eyðst.

Kona ákærða réðst í það á síðastliðnu sumri að kaupa húseignina á Lokastíg 14, en eftir því sem upplýst er við rannsókn máls þessa, hefir ekkert af peningum símans farið í þessi húskaup.

Krafa hefir verið gerð um það, að ákærður greiði landsímanum aftur kr. 4721,28 og bæjarsímanum kr. 4200,65 með vöxtum frá 1. janúar 1933. Bæjarsíminn hafði fengið greiddar 1500 kr. í ábyrgð, sem ákærði hafði sett vegna innheimtunnar, og dregst því sú upphæð frá sjóðþurð hans við bæjarsímann. Ákærður hefir ekkert haft við þessar kröfur að athuga.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. apríl 1891. Honum hefir ekki verið refsað áður. Hann

hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 29. desember f. á. til 21. janúar s. l.

Framantalið afbrot ákærðs ber að álitum dómars að heimfæra undir 256. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði. Hann greiði og Ólafi Kvaran, fyrir hönd Landssímans kr. 4721,28, og Önnu Þórhallsdóttur, fyrir hönd Bæjarsíma Reykjavíkur kr. 4200,65, hvorttveggja með 5% vöxtum frá 1. janúar 1933, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

---

Mánudaginn 18. dez. 1933.

Nr. 189/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

**Hermann Lunder** (Jón Ásbjörnsson).

**Botnvörpuveiðabrot.**

*Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 9. sept. 1932:*  
Kærði, Hermann Lunder, á að greiða sekt að upphæð kr. 16900,00 innan fjöggra vikna í Landhelgissjóð Íslands, en sæta 9 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum, „Hans Joachim“ P. G. 322 frá Geestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á miðanir og mælingar eftirlitsskips-